

# Áveitan

3. tbl. 7. árgangur. Mars 2013

## Frábær árangur íþróttafólks Þjótanda í febrúarmánuði

### Glíma:

16. febrúar fór fram lokaumferð Meistarmóts Íslands þennan veturinn. Þjótandi sendi fjóra keppendur til leiks og áttu þau Stefán og Marín bæði von um að hampa Íslandsmeistartitli fyrir mótið. Skemmst er frá því að segja að þeim tókst ætlunarverk sitt og hömпуðu bæði Íslandsmeistartitlum í sínum þyngdarflokki og opnum flokki karla og kvenna. Guðrún Inga náði öðru sæti bæði í -65 kg og opnum flokki sem er frábær árangur á fyrsta ári í fullorðinsflokki. Hanna Kristín keppti í +65 kg og hafnaði í 5. sæti. Stefán og Marín urðu einnig skjaldarhafar Skarphéðins á dögnum. Nánar á bls 6-7.

### Frjálsar:

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára fór fram í Laugardalshöll helgina 23.-24. febrúar sl. Keppnislið HSK/Selfoss átti 74 keppendur á mótinu. Þar af fjóra frá Þjótanda sem stóðu sig allir mjög vel. Hæst ber Íslandsmeistaratitill Dags Fannars Einarssonar sem sigraði 800m hlaup 11 ára pílta. Hann var einnig í sigursveit HSK/Selfoss í 4x200m boðhlaupi. Svo fór að lið HSK/Selfoss sigraði mótið eftir spennandi keppni og endaði með 517,7 stig en næst á eftir kom lið ÍR með 494,6 stig. Nánar á bls 4.

Haraldur Einarsson og Bjarni Már Ólafsson gerðu það heldur ekki endasleppt í mánuðinum og urðu Íslandsmeistarar í þremur greinum:

Bjarni Már Ólafsson, Meistaramót Íslands 15-22 ára, 2.-3. febrúar

Langstökk: 1.sæti 6,46 m

Þrístökk: 1.sæti 13,60 m

Haraldur Einarsson, Meistaramót Íslands fullorðinna, 9.-10. febrúar

60m hlaup: 1.sæti 7,08 sek (Vökumet)



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá Sveitarstjóra

### Reglur um úthlutun menningarstyrks

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í sveitarfélaginu.

Reglurnar eru svohljóðandi:

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/ eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Til ráðstöfunar samkvæmt ofangreindum reglum fyrir árið 2013 er kr. 1.000.000.

**Umsóknum má skila til skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) merkt menningarstyrkur.**

### Ýmis gjöld

Álagningaseðlar fasteignagjalda ættu að hafa borist eigendum fasteigna í Flóahreppi en gjaldgagi fyrstu greiðslu er 1. mars með eindaga 30. mars. Álagningarþrosenta fasteignagjalda, vatnsgjalds og lóðarleigu er óbreytt frá síðasta ári. Einnig er sorphirðugjald fyrir 240 ltr. tunnur óbreytt frá fyrra ári en gjald fyrir 660 ltr. og 1100 ltr. kör ásamt sorpeyðingargjöldum hafa hækkað samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar þar um. Það er gert með hliðsjón af því gjaldi sem innheimt er fyrir 240 ltr. tunnu en greitt hefur verið hlutfallslega mest fyrir þá tunnustærð.

Leikskólagjöld í Krakkaborg taka breytingum í febrúar ár hvert samkvæmt vísitölu

neysluverðs og gjaldskráin aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Fæðiskostnaður í Flóaskóla og skólavistun taka breytingum tvisar á ári, í ágúst og febrúar samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fæðiskostnaður er nú 300 kr. pr/dag en innifalið í því eru ávextir í morgunhressingu, máltíð í hádeginu og mjólk. Gjald fyrir skólavistun er 500 kr. pr/dag og innifalið í því er vistun frá skólalokum til kl. 17:00 ásamt síðdegishressingu.

## **Frá Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum**

**Páskadagur, 31. mars 2013.** Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11.00. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Kórinn syngur, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.

**Annar í páskum, 1. apríl 2013.** Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 13.00. Fermdar verða: Eyrún Gautadóttir, Læk og Sunna Skeggjadóttir, Skeggjastöðum. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson, kórinn syngur, organisti Ingi Heiðmar Jónsson.

*Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum um páskahátíðina, en athugið breyttan messutíma.*

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju fimmtudaginn 14. mars kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. skýrsla formanns, reikningar skýrðir og önnur mál. Endilega fjölmennið á fundinn, því sóknarnefnd vinnur eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru á aðalsafnaðarfundum og þeir sem vilja hafa áhrif á safnaðarstarf þurfa því að mæta og koma sínum skoðunum á framfæri.

Við hlökkum til að sjá ykkur, kaffiveitingar!

Nú þegar þetta er skrifað eru 2 málara að mála gylltar stjórnur í hvelfingu Villingaholtskirkju, en þessar stjórnur komu í ljós í fyrra þegar loftið var málað. Undir skrúfuðu stjórnunum sem hafa verið í miðju ferninganna síðustu ár, fundust 2 gerðir af stjórnunum og nú er verið að mála stjórnur eins og voru upphaflega í kirkjunni. Þessar stjórnur eru svipaðar að stærð og skrúfuðu stjórnirnar sem voru. Endilega munið að kíkja upp í hvelfinguna þegar þið komið í kirkjuna, þetta er mjög fallett!

f.h. sóknarnefnda  
Sólveig Þórðardóttir

### Árangur keppenda Þjótanda á Meistaramóti Íslands 11-14 ára:

Nafn	ár	grein	árangur	sæti
Dagur Fannar Einarsson	'02	60m hlaup	09,53sek	5.
		Langstökk	3,40m	11.
		800m hlaup	2:48,89mín.	1.
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Kúluvarp	6,67m.	20.
Eyrún Gautadóttir	'99	Langstökk	3,61m.	24.
		60m grind	11,94sek.	11.
		800m hlaup	2:40,36mín.	5.
		4x200m boðhl.	2:00,68	3.
Sunna Skeggjadóttir	'99	60m hlaup	09,32sek.	19.
		Kúluvarp	7,73m.	11.

**Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju á páskadag 31. mars kl. 14.00. Prestur er Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir.**

### Aðalfundur!

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður í Félagslundi Þriðjudagskvöldið 12. mars og hefst kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Hvetjum allar félagskonur til að mæta og nýjar konur hjartanlega velkomnar að kynna sér starf kvenfélagsins. Kvenfélagið er frábær vettvangur til góðra kynna og þar er ekkert kynslóðabil.

Stjórnin.

### AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin miðviku-daginn 13. mars. 2013 að Ferðabjónustunni Vatnsholti kl. 20.30.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Kaffi og meðlæti verður selt á staðnum.

STJÓRNIN



Hestafjör 2013 verður haldið í Sleipnishöllinni sunnudaginn 14. apríl nk. Þetta er þriðja árið í röð sem boðið er til þessarar hátíðar barna og unglinga hestamannafélaganna á Suðurlandi.

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis býður öllum hestamannafélögum á Suðurlandi til þátttöku í fjölskylduhátíðinni Hestafjör 2013. Á svæðinu eru alls níu hestamannafélög Ljúfur, Háfeti, Sleipnir, Trausti, Logi, Geysir, Smári, Kópur og Sindri.

Skráning hópa til þátttöku í Hestafjörrið hófst þann 22. febrúar og stendur til 10. mars fyrir önnur félög en Sleipni. Sleipnir lokar fyrir skráningar hjá sér 2. mars þar sem æfingar hefjast 3. mars.

Þátttaka er skráð á [http://motafengur.skyrr.is/Skraningkort.aspx?](http://motafengur.skyrr.is/Skraningkort.aspx?mode=add.aspx)

[mode=add.aspx](http://motafengur.skyrr.is/Skraningkort.aspx?mode=add.aspx) veljið þar flipann "Námskeið", veljið Sleipni og fyllið út skráningarformið, veljið svo viðburð í neðri flettiglugganum, hakið við hvort þátttakandi er í börn/pollarreið eða hópurl/sýningarhópar. Veljið "Setja í körfu" hnappinn neðst í skjámyndinni. Skráningin kostar eina krónu á hvern þátttakanda þar sem ekki er hægt að nota vefskráningarkerfið ókeypis. Að greiðslu lokinni er skráningu lokið.

Fyrsta árið sem Hestafjörrið var haldið tóku sex félög þátt, í fyrra voru þau fimm og þáttakendur um 100 talsins hvort árið.

Hestafjör er fjölskylduhátíð þar sem að börn, unglingar og ungmenni allra hestamannafélaga á Suðurlandi fá tækifæri til að koma saman og eiga skemmtilegan dag. Krakkarnir, hvert í sínu félagi setja upp sýningaratriði þar sem þau sýna hinar ýmsu hliðar hestamennskunnar en sú hefð er komin á að hátíðin hefjist með skrautreið polla eða þeirra sem eru að hefja sin fyrstu skref í hestamennskunni. Auk þess er boðið upp á skemmtiatriði og ýmislegt fleira milli sýningaratriða.

Allir þátttakendur fá bol merktan Hestafjör 2013, jafnframt verður þeim boðið í pylsupartý eftir sýningu.

Hestafjörrið er frábær fjölskylduskemmtun og aðgangur er ókeypis.

Æskulýðsnefnd Sleipnis

## **Glímufréttir**

### **Grunnskólamót HSK**

Flóaskóli sendi fjóra keppendur á Grunnskólamót HSK sem fór fram á Hvolsvelli miðvikudaginn 6. febrúar. Það má með sanni segja að þau hafi staðið sig frábærlega en árangur þeirra varð eftirfarandi:

#### **9. bekkur stúlkna**

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir

#### **3 keppendur**

2 v. Grunnskólameistari HSK

#### **9. bekkur stráka**

1. Þorgils Kári Sigurðsson

#### **6 keppendur**

4,5 v. Grunnskólameistari HSK

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

3,5+0

#### **10. bekkur stúlkna**

1. Guðrún Inga Helgadóttir

#### **6 keppendur**

5 v. Grunnskólameistari HSK

### **Héraðsmót HSK - Marín og Stefán skjaldarhafar**

Þjótandi sendi sex keppendur á Héraðsmót HSK í glímu sem fór fram í Reykholti fimmtudagskvöldið 28. febrúar. Alls hampaði Þjótandi fjórum héraðsmeistaratitlum auk þess að sigra stigakeppni félaga bæði í karla og kvennaflokki. Hæst bar sigur þeirra Marínar Laufeyjar Davíðsdóttir og Stefáns Geirssonar í skjaldarglímu Bergþóru og Skarphéðins. Marín hampaði skildinum nú í fjórða sinn en Stefán sigraði nú Skjaldarglímu í níunda sinn. Árangur einstakra keppenda varð eftirfarandi:

#### **Strákar 11 ára og yngri**

5. Victor Örn Victorsson

#### **7 keppendur**

1,5 v.

7. Unnsteinn Reynisson

0,5 v.

#### **Piltar 15-16 ára**

1. Þorgils Kári Sigurðsson

#### **6 keppendur**

5 v. Héraðsmeistari

2. Jón Gunnþór Þorsteinsson

3,5+1 v.

#### **Stúlkur 15-16 ára**

1. Guðrún Inga Helgadóttir

#### **4 keppendur**

2,5 v. Héraðsmeistari

2. Hanna Kristín Ólafsdóttir

2 v.

#### **Konur**

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

#### **3 keppendur**

2 v. Skjaldarhafi Bergþóru

2. Guðrún Inga Helgadóttir

1 v.

3. Hanna Kristín Ólafsdóttir

0 v.

#### **Karlar**

1. Stefán Geirsson

#### **6 keppendur**

5 v. Skjaldarhafi Skarphéðins

## **Glímuæfingar**

Æfingar eru haldnar tvisvar í viku í Félagslundi. Á mánudögum frá kl. 16 til 17 fyrir alla aldurshópa og á fimmtudagskvöldum frá 20 til 21 fyrir 14 ára og eldri. Allir velkomnir. Næstu mót framundan eru Grunnskólamót Íslands, Sveitaglíma 16 ára og yngri og Íslandsglíman sem fara öll fram í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi laugardaginn 23. mars.

## **Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps**

verður haldinn sunnudagskvöldið 10. mars n.k. í Þjórsárveri kl.20. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Kjósa þarf um formann, en núverandi formaður Valgerður Gestsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Nýjar konur hjartanlega velkomnar í félagið.

*Kaffikonur: Eydís Eiríksdóttir, Fanney Ólafsdóttir, Halla Aðalsteinsdóttir, Hallfríður Aðalsteinsdóttir, Hólmfríður Tómasdóttir, Rósa Matthíasdóttir.*

Með kveðju, stjórnin.

## **Fræðslu- og skemmtiferð hrossaræktarfélaganna**

Hrossaræktarfélagin þrjú í Flóahreppi standa fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 16. mars. Ferðinni veður heitið í Rangárþing á nokkur hrossaræktarbú.

Skráning berist í síðasta lagi 13. mars til Ágústar Inga í síma 899-5494 eða á netfangið [agustk@visir.is](mailto:agustk@visir.is).

Rútan leggur af stað frá reiðhöll Sleipnis kl. 10 og tekur fólk upp á leiðinni austur. Áætluð heimkoma er um kl. 18:00. Áætlaður kostnaður á mann er kr. 4000 og er innifalinn hádegisverður.

Allir velkomnir, einnig utanfélagsmenn.

Stjórnirnar

## Frá Umf. Vöku:

### **Páskabingó Umf. Vöku**

fer fram þriðjudagskvöldið 26. mars í Þjórsárveri. Gleðin hefst kl 20:00 og spjaldið verður selt á 500 kr. auk þess sem sjoppan verður opin. Búist er við miklu úrvali af gómsætum eggjum og mikilli spennu.

Stjórnin

### **Úrslit innanhússmóts Umf. Vöku 17. febrúar 2013**

#### **Langstökk án atr.**

1. Dagur Fannar Magnússon	1,74m
2.-3. Unnsteinn Reynisson	1,50m
2.-3. Sigurjón Reynisson	1,50m
4. Íris Pálsdóttir	1,38m
5. Daði Kolviður Einarsson	1,30m

#### **Hástökk**

1. Dagur Fannar Magnússon	1,10m
2. Unnsteinn Reynisson	0,90m
3. Íris Pálsdóttir	0,80m
4. Sigurjón Reynisson	0,80m
5. Daði Kolviður Einarsson	0,75m

#### **Hreystigreip**

1. Dagur Fannar Einarsson	2:03mín
2. Íris Pálsdóttir	1:58mín
3. Daði Kolviður Einarsson	1:48mín
4. Unnsteinn Reynisson	1:10mín
5. Sigurjón Reynisson	1:02mín

#### **Armbeygjur**

1. Íris Pálsdóttir	50
2. Dagur Fannar Einarsson	44
3. Daði Kolviður Einarsson	29
4. Unnsteinn Reynisson	21
5. Sigurjón Reynisson	17
6. Helgi Reynisson	4

#### **Fleiri úrslit:**

Haraldur Einarsson, Bikarkeppni FRÍ, 16. febrúar:

60m hlaup: 2.sæti 7,16 sek

60m grindahlaup: 3.sæti 9,13 sek

**Aðalfundur Félagsheimilinna í Flóahreppi verður haldinn í Félagslundi miðvikudaginn 13. mars kl. 20:30.**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Rekstrarstjórn.**

**Torfæruetraktor til sölu, tilbúinn til keppni  
Stebbi, sími 825-0679**



## **80. aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps**

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg 5. mars nk. kl. 20:30. Venjuleg aðalfundastörf. Kosning formanns. Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórnin

*Kaffihópur: Betzy, Helga Sig, Hilda, Ingunn, Sigríður Harðar og Matthildur.*

## **Frá Samhygð:**

### **Skírdagsbingó**

Skírdagsbingó Samhygðar verður haldið í Félagslundi að kvöldi skírdags 28. mars kl. 20:00. Spilað verður páskaeggjabinngó og rætt um helsta sem er döfunni hjá félaginu. Allir velkomnir.

### **Flóahlaup Umf. Samhygðar**

Híð árlega Flóahlaup fer fram laugardaginn 13. apríl. Hlaupið er frá Félagslundi. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

### **Íþróttaskóli fyrir leikskólabörn í Félagslundi**

Í mars verður boðið upp á einskona íþróttaskóla fyrir börn sem fædd eru á árunum 2007-2011 (2-6 ára). Tímarnir verða á laugardögum kl 10:30 til 11:30 í Félagslundi 9. mars, 16. mars og 9. apríl. Það verða ekki tímar 23.mars og 30 mars vegna ferminga og páska. Áætlað er að ef vel gengur að tímarnir standi yfir út maímánuð en tímar í apríl verða nánar auglýstir í næsta hefti Áveitunnar.

Tímarnir fara að mestu þannig fram að til að byrja með hlaupa krakkarnir stutta spretti í samræmi við aldur og svo fara þau í gegnum eins konar þrautabraut sem búið verður að koma upp í salnum. Tímarnir enda svo á léttum og rólegum teygjuæfingum. Foreldar/forráðamenn koma til með að fylgja sínum börnum í gegnum allar þrautir þeim til gagn og gamans. Katrín Ástráðsdóttir hefur umsjón með æfingunum. Allir velkomnir.

## Pistillinn

Flóamenn þekkja votlendi vel þar sem mýrar þekja stóran hluta landsvæðisins sem markar Flóann og ljáir honum einkenni með sérstöku dýralífi og gróðurfari. Mýrar hafa ekki verið í miklu upphaldi hjá Íslendingum í gegnum tíðina þar sem þær hömluðu ferðalögum sem oft voru farin á tveimur jafnfljótum og nýttust illa sem beitarlönd. Þær voru jafnvel ekki álitnar sem hluti af landslagi enda er yfirleitt eitthvað ljóðrænt við landslag en það eina skáldlega sem spunnið var upp í tengslum við mýrar var blessaður nykurinn, ólundarlegt dýr í líkingu við hross með hófa sem sneru aftur og steypri mönnum óðar í kaf ef þeir gerðust svo brattir að sitja hann. Á síðari árum hefur hróður mýra aukist mikið enda hafa rannsóknir sýnt að þær eru m.a. mikilvæg búsvæði lífríkis auk þess sem þau binda kolefni í jörðu. Eftir að í ljós kom að votlendi, mýrar þar með taldar, eru einstök náttúrusvæði, mikilvæg vistkerfinu, hafa mörg votlendissvæði verið vernduð hér á landi og aðgerðir hafnar í nokkrum mæli á endurheimt votlendis.

Ekki er ég að fara að mæli fyrir því að bændur í Flóahreppi fari að moka í skurði sína sem snöggvast út af því að mýrar séu svo dásamleg náttúruundur. Hinsvegar ætla ég að segja frá reynslu minni þegar ég ferðaðist um Brasilíu síðastliðið sumar og heimsótti þjóðgarðinn Pantanal sem er eitt stærsta votlendissvæði í heimi og gerir út á ferðamennsku fyrir það eitt. Þegar ég ferðaðist þar um varð mér hugsað til Flóans og hvort að mögulegt væri að markaðssetja hann í ferðamenskunni sem einstakt votlendissvæði. Margt af því sem ég upplifði í heimsókninni til Pantanal fann ég samlíkingu með uppeldisstöðvunum í Flóanum. Vegurinn sem rútan skrölti eftir heim að búgarðinum sem ég og dönsk vinkona mín áttum að dveljast á líktist ansi mikið Hamarsveginum og hafði sennilega álíka margar og holur og hraðahindranir. Búgarðurinn var stór og gerði aðallega út á ferðamennsku en þar var einnig búskapur með nautgripi, sauðfé og hesta. Gæludýrin voru reyndar ósvipuð þeim sem þekktist í Flóanum. Á móti okkur tóku tveir villigeltir í stað heimilishunds og á lóðinni vöppuðu fuglar sem voru með allskonar tiktúrur, vildu jafnvel stela mat af gestum. Leiðsögumaður okkar var á miðjum aldri, fæddur og uppallinn í þjóðgarðinum, af frumbyggjaættum (erum við það ekki öll??) og þekkti bæði haus og sporð á öllum dýrum á svæðinu. Hann gekk um allt berfættur þrátt fyrir stingandi heita moldina enda líktist sólbrún húð hans leðri og keðjureykta sigarettur á meðan hann reið hesti sínum berbakt. Sannkallaður "gaucho" sem er heiti yfir suður-amerískan kúreka. Meðal þess sem við gerðum í garðinum var að sigla á ánni sem rann við búgarðinn og veiddum píranía fiska. Mér rann reyndar kalt vatn milli skinns og hörunds þegar krókóðilar slógust í för með okkur þegar þeir runnu á lyktina af beitunni sem við höfðum með í för. Sem betur fer kunni

leiðsögumaður okkar ráð til að hrinda þeim frá bátnum með árunum. Í huga mér hafði ég þá mynd af píraníafiskum sem amerískar hryllingsmyndir höfðu gefið mér – þar sem þessir litlu fiskar éta mannfólk upp til agna. Á þessari bátsför minni komst ég hinsvegar að því að þeir éta ekki mannfólk – mannfólk leggur sér þá til munns. Fulla fötu veiddum við og þá var búið að bjarga hádegismatnum. Fiskmetið smakkaðist bara furðuvel þó að hver fiskur hafi verið heldur rýr. Við fórum líka í nætursafari á pallbíl og reyndum að koma auga á jagúar en sáum engan, bara fullt af villigöltum sem virtust vera að koma frá því að svala sér í ánni. Þetta var því hálfgerð filuför. Heimsóknin til Pantanal var þó frábær í alla staði og gaman að geta verið nokkra daga á búgarði fjarri heimsins glaumi.

Í rútuferðinni á leið frá Pantanal fékk ég þá hugmynd að opna mætti svipaðan þjóðgarð í Flóanum. Við höfum að vísu enga krókódíla, píranía fiska eða jagúar en margt annað gætum við markaðssett. Það væri hægt að bjóða ferðamönnum upp á að leggja net í Þjórsá, endurvakið goðsögnina um nykurinn og boðið upp á Nykurferðir á mörgum þeim stöðuvötnum sem eru í hreppnum og einhver innfæddur bóndinn gæti boðið upp á leiðsögn.

Ég skora á Tómas Karl Guðsteinsson til að skrifa næsta pistil – hann hefur örugglega frá mörgu og gamansömu að segja.

Hugrún Geirsdóttir

## **Ungfolasýning hrossaræktarfélagi Flóahrepps**

Ungfolasýning fyrir 2v og 3v fola í eigu félagsmanna verður haldin í reiðhöll Sleipnis að Brávöllum föstudagskvöldið 22. mars 2013 kl. 20: 30.

Skráning í síma 898-2256 Atli Geir mail; atligeir@hive.is eða 899-5494 Ágúst Ingi mail: agustk@visir.is. Skráningarfrestur rennur út 19. mars 2013. Koma verður fram IS-númer, móðir, faðir og eigandi. Folar skulu vera ójárnaði eða járnaðir jafnþykkum skeifum á framfótum og afturfótum (fótaskoðun). Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hvorum flokk. Skráningargjald fyrir hvern fola 3000 kr. Aðgangseyrir fyrir áhorfendur aðeins 500 kr.

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS

## Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands

Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands fyrir Flóadeildirnar verður haldinn í matsal Sláturfélagsins á Selfossi þriðjudaginn 5. mars kl 20:30. Elías Hartmann Hreinsson nýr deildarstjóri búrekstardeildar mætir á fundinn. Félagsmenn eru hvattir til að mæta til að fá upplýsingar um rekstur félagsins og taka þátt í umræðum um framtíð og stefnu félagsins.

Deildarstjórar

### Dagskrá mánaðarins

5. mars	80. aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps
5. mars	Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands
5. mars	Æfing eldri
7. mars	Glímuæfing eldri
9. mars	Héraðsþing HSK í Reykholti
9. mars	Íþróttaskóli í Félagslundi
10. mars	Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps
11. mars	Glímuæfing
12. mars	Æfing eldri
12. mars	Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps
13. mars	Aðalfundur Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps
13. mars	Aðalfundur félagsheimilanna
14. mars	Glímuæfing eldri
14. mars	Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar
16. mars	Íþróttaskóli í Félagslundi
16. mars	Skemmtiferð hrossaræktarfélaganna
18. mars	Glímuæfing
19. mars	Æfing eldri
21. mars	Glímuæfing eldri
22. mars	Ungfolasýning hrossaræktarfélaganna í Flóahreppi
26. mars	Páskabingó Umf. Vöku
28. mars	Skírdagsbingó Umf. Samhygðar
31. mars	Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju
31. mars	Messa í Gaulverjabæjarkirkju
1. apríl	Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160